

Efni: Heimild til að kaupa umsjónarkerfi fyrir félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að kaupa umsjónarkerfi fyrir félagsmiðstöðvar. Kerfið mun halda utan um viðburði sem boðið er upp á fyrir börn í félagsmiðstöðvum og skráningar á þá, en ekkert slíkt kerfi er í notkun í dag. Auk þess mun kerfið bjóða upp á greiðsluleiðir fyrir þá viðburði sem greiða þarf fyrir. Í dag eru samfélagsmiðlar notaðir til að kynna viðburði, en þetta þykir óheppilegt þar sem það ýtir börnum í enn frekari notkun samfélagsmiðla. Þar sem ekkert kerfi heldur utan um þetta núna, vantar tölfraðileg gögn um starfsemi félagsmiðstöðvanna.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 01265 og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er júní til október 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 47,8 m.kr., þar af tilheyra 16,8 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 31 m.kr. í rekstrarkostnað skóla- og frístundasviðs yfir 6 ára tímabil.

Verkefnið samræmist stefnumörkun stafræns ráðs og hefur verið kynnt fyrir stafrænu ráði.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:

Verkefnið miðar að því að innleiða öfluga hugbúnaðarlausn sem styður við sem flesta þjónustuþætti félagsmiðstöðva, allt frá skráningum á viðburðum, miðlun til notenda, skráningu notenda á viðburði, fjárhagslegt uppgjör viðburða með tengingu við færsluhirðingu Reykjavíkurborgar og tölfraedi um viðburði. Gert er ráð fyrir að notendur kerfisins, fyrir utan starfsfólk 24 félagsmiðstöðva, verði um tíu þúsund nemendur auk foreldra og forráðamanna þeirra.

Með innleiðingu á umsjónarkerfi fyrir félagsmiðstöðvar er varlega áætlað að starfsfólk félagsmiðstöðva spari tíma sem er metin á um 13,2 m.kr. á ári, meðan árlegur rekstrarkostnaður kerfisins er áætlaður um 5 m.kr. Skýrslugerð um starfsemi félagsmiðstöðva verður sjálfvirknivædd með tilheyrandi tímasparnaði og meðhöndlun á fjármunum og uppgjöri tengd starfsemi félagsmiðstöðva verður sjálfvirknivædd. Með innleiðingu kerfisins eykst einnig þjónusta við borgarbúa með skilvirkri framsetningu á starfsemi félagsmiðstöðvanna.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 01265 og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er júní til október 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 47,8 m.kr., þar af tilheyra 16,8 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 31 m.kr. í rekstrarkostnað skóla- og frístundasviðs yfir 6 ára tímabil.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur